

Háskóli Íslands

Haust 2019

Sálfræðideild

SÁLÖBYF/SÁLÖBHF

Starfsþjálfun hjá Miðju máls og læsi

## **LÆSI II**

Hefti 2

*Umsögn*

Maren Ósk Elíasdóttir

Miðja máls og læsis

Kt. 130288-2949

moe4@hi.is

## Efnisyfirlit

Skimunarpróf .....	2
LÆSI II bakgrunnur .....	3
Próffræðilegir varnaglar LÆSI II .....	4
<i>Beint mat á gæðum LÆSI II</i> .....	6
<i>Uppfærslur Kartleggingsprøve</i> .....	9
Lesmál bakgrunnur .....	11
<i>Próffræðilegir eiginleikar Lesmáls</i> .....	12
Umsögn .....	13
Heimildaskrá .....	14

## Skimunarpróf

Skimunarpróf (e. *Screening programs*) sem eru hóppróf (e. *Universal screening*) hafa þann tilgang að greina og finna einstaklinga sem eru í áhættu fyrir ákveðnum erfiðleikum eða kvillum seinna meir. Áhættan gæti verið slök lestrarfærni eða lestrarerfiðleikar (e. *Reading disabilities*) og eru í þeim tilgangi notast við lestrarskimunarpróf (Einar Guðmundsson, 1999). Tilgangurinn er þó ekki einungis sá að finna nemendur í áhættu á lestrarerfiðleikum heldur einnig beita snemmtækri íhlutun (e. *Early identification*). Snemmtæk íhlutun felur það í sér að nemendur í áhættu séu fundnir með til þess ætlaðri skimun og kennsla sniðin að þörfum hvers og eins. Kennslan er því byggð á niðurstöðum lestrarskimunar og mati á forspárþáttum lestrar sem vinnur markvisst að því að nemendur öðlist viðeigandi færni í lestri (sjá t.d. Einar Guðmundsson, 1999; Walpole og McKenna, 2007). Skimunarpróf í skólum byggja á þeirri ályktun að náms- og hegðunarvanda sé hægt að spá fyrir um snemma í bernsku og að þessa líklegu kvilla megi greina nákvæmlega og áreiðanlega. Hins vegar er forspá slíkra prófa gjarnan ekki nægileg (Gerdler, 1997).

Vegna tilgangs skimunarprófa, sem er að finna einstaklinga sem eru í áhættu, er viðtekin regla að notast ekki við skimanir ef ekki á að nýta niðurstöður til íhlutunar á þeim vanda sem prófið metur (Catts, 2017). Í Aðalnámskrá grunnskólanna (2011) kemur meðal annars fram um aðgengi skóla að skimunarprófum:

Skólar skulu eiga aðgang að greinandi prófum og öðrum matstækjum sem auðvelda könnun á tilteknum þáttum náms og kennslu þar sem hægt er að nota niðurstöður til að veita nemendum leiðsögn og kennslu við hæfi. Stöðluð próf, t.d. lestrarpróf, lesskimunarpróf, málþroskapróf, stærðfræðipróf og hreyfiþroskapróf sem spá fyrir um hugsanlega námsörðugleika, staðlaðir spurningalistar og fleiri slík matstæki geta reynst afar gagnleg hjálpartæki til að greina erfiðleika snemma á skólagöngunni og auka líkur á að ráðin verði bót á þeim með skipulegum aðgerðum.

Til þess að próf geti talist staðlað þarf að standa vel að umgjörð þess og prófun. Ef um þýtt mælitæki er að ræða þá er ekki nóg að mælitækið hafi verið staðlað í upprunar landinu og telst óstaðlað þar til að skilyrði verði uppfyllt (Einar Guðmundsson, 2006). Til þess að próf geti talist staðlað þarf eftirtalið að vera ákveðið og skýrt: Reglur um fyrirlögn, form þess og innihald, hvernig beri að meta prófið, hver og hvernig eigi að leggja það fyrir ásamt því að prófið byggi á viðeigandi normum. Til þess að norm teljist

viðeigandi þarf að hafa farið fram næg gagnasöfnun sem ná að lýsa því þýði sem prófið kemur til með að meta (Einar Guðmundsson, 2006). Sumir myndu segja að orðalagið í Aðalnámsskrá grunnskólanna (2011) sé heldur hlutlaus (e. *Passive*) þegar kemur að stöðlun mælitækja sem á að nýta í skólum. Hlutleysið kemur fram með því að setja það ekki sem skilyrði að mælitæki og próf séu stöðluð sem á að nýta. Mikilvægt er að mælitæki, sem eiga að greina og finna einstaklinga í áhættu fyrir erfileika í framtíðinni, séu stöðluð er þó nokkuð (Einar Guðmundsson, 1999; Einar Guðmundsson, 2006).

Flest mælitæki sem Íslendingar nýta sér eru af erlendum uppruna. Áður en ráðist er í þýðingar á erlendum prófum ætti að skoða þann möguleika hvort hægt sé að semja slíkt mælitæki frá grunni (Sigurgrímur Skúlason, 2005). Ef það teljist vera fýsilegri kostur að þýða erlent mælitæki þá gilda um það ákveðnar verklagsreglur. Slíkar reglur eiga að tryggja það að betur gangi að meta hvort staðið hafi verið rétt og faglega að vinnslu mælitækisins (Einar Guðmundsson, 2006). Í grein Einars Guðmundssonar (2006) listar hann upp fimm atriðum sem þurfa að vera aðgengileg öðrum sem meta hvort mælitækið mæti viðunandi stöðlum um gæði. Meðal atriða er til að mynda hvernig staðið var að þýðingu og hvort að mælitækið hafi farið í gegnum einhverjar staðfærslur. Þessi atriði þurfa að liggja fyrir, lið fyrir lið, og þær breytingar sem prófið fór í gegnum við þýðingu skýrar þeim sem kemur til með að nota mælitækið.

## LÆSI II bakgrunnur

Þau Guðmundir og Þóra tóku að sér að þýða og staðfæra norskt lestrarskimunarpróf árið 1999. Norska prófið, *Kartlegging av leseferdighet*, kom út árið 1995 í Noregi og var gefið út af *Nasjonalt læremiddelsenter* í Oslo (Námshagnastofnun, 2000a). Skimunarprófið er þekkt í íslenskum grunnskólum í dag sem LÆSI lestrarskimun. Prófinu var og er ætlað að finna þau börn snemma sem standa höllum fæti í lestrarnámi. Með prófinu fylgir einnig ýtarlegt *Hugmyndahefti* sem kennarar eru hvattir til að nýta sér með þeim börnum sem ekki ná settum viðmiðum um lestrarfærni á prófinu (Námshagnastofnun, 2000a).

LÆSI er lagt fyrir í 1. og 2. bekk. LÆSI I er í þremur hlutum og LÆSI II í tveimur. Í þessari umfjöllun er helst verið að fjalla um LÆSI II (lestrarskimun í 2. bekk, 2. hefti). Prófin fóru í notkun árið 2000 í einhverjum grunnskólum landsins og var dreifing þess í

höndum Námsgagnastofnunar. Reykjavíkurborg er enn að nota LÆSI II sem kom út árið 2000 til þess að skima fyrir lestrarerfiðleikum og bera saman niðurstöður árganga og skóla í Reykjavík.

Norska prófið var samið fyrir börn í 1. og 2. bekk sem þá voru 7 og 8 ára gömul. Íslensk börn hófu þó sína skólagöngu, þá sem og nú, í 1. bekk 6 ára gömul. Íslensku útgáfu prófsins var því ætlað að meta börn sem voru um einu ári yngri en norska prófið (Námsgagnastofnun, 2000c; Guðmundur B. Kristmundsson og Þóra Kristinsdóttir, 2001). Þessum aldursmun er ekki gerð skil í neinum af þeim gögnum sem höfundur rýndi. Það kann að vera að ekki hafi verið talið að aldursmunurinn kæmi að sök. Þó er full ástæða til þess að skoða hvort slíkur aldursmunur hafi áhrif á úrlausn til dæmis tilliti til heilaproska barnanna og einnig fyrra námi þeirra. Það skiptir verulegu máli fyrir gengi nemenda á prófinu hvenær nákvæmlega prófið er lagt fyrir (sjá t.d. Birna Sigurjónsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Ólafur Magnússon, 2002a; Birna Sigurjónsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Hallgerður Inga Gestsdóttir og Ólafur Magnússon, 2002b og Birna Sigurjónsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Ólafur Magnússon, 2003).

## Próffræðilegir varnaglar LÆSI II

Tilgangur LÆSI II var upprunalega, og er enn, að bera kennsl á þá nemendur sem eru líklegir til þess að vera með lestrarerfiðleika. Prófið fellur því í flokk skimunarprófa og eins og fram hefur komið hér á undan gilda viðmið og reglur um meðferð slíkra tækja (Sjá t.d. Catts, 2017; Einar Guðmundsson, 2006).

Upplýsingar um hvernig staðið var að þýðingu LÆSI II er nokkuð ábótavant. Til að mynda er norska fyrirmynd prófsins ekki aðgengilegt lengur og því ekki hægt að sjá hvað var tekið út og hverju var bætt við. Einhverjum myndum var skipt út og orðum breytt til þess að íslenska útgáfan væri með svipað löng orð svo eitthvað sé nefnt (Guðmundur B. Kristmundsson og Þóra Kristinsdóttir, 2001). Um staðfærsluna er einnig ekki mikið af upplýsingum og er enn dæmi um atriði sem ekki voru staðfærð 1999 í íslenska prófinu. Má þar nefna *plómutré* sem ekki finnast í íslenskri náttúru (Námsgagnastofnun, 2000b). Þá gerðu einhverjir kennarar athugasemd við að *ritunarvél* (í prófhlutanum; mynd og texti) væri að finna í prófinu sem samræmdist ekki veruleika íslenskra barna

(Guðmundur B. Kristmundsson og Þóra Kristinsdóttir, 2001). Athugasemdir kennaranna þóttu ekki ástæða til þess að breyta neinu og er atriðið um *ritvélina* til að mynda enn í prófinu í dag, lok ársins 2019. Norm þurfa eftir bestu getu að vera byggð á því sem telst vera viðtekið hverju sinni í samfélaginu sem við á, bæði hvað varðar innihald og nálægð (Einar Guðmundsson, 1999). Því er ekki hægt að segja að texti um *plómutré* sé líklegast ekki byggður á íslenskum normum. Þýðendur og ábyrgðarmenn prófsins virðast því ekki hafa farið út í sértaka greiningu á gagnsemi og/eða truflun atriða í prófinu og látið við sitja.

Um stöðlun við fyrirlögn og úrvinnslu LÆSI II er ekki mikið að segja. Viðmið um hversu margir einstaklingar í íslensku þýði séu líklega að glíma við lestrarerfiðleika eru ekki fengin úr íslenski gagnasöfnun. Heldur var notast við þau viðmið sem væru líklegast rétt miðað við fræðina og svo norsku normin (Guðmundur B. Kristmundsson og Þóra Kristinsdóttir, 2001). Þessi viðmið virðast vera á reiki meðal kennara og kemur það fram í skýrslu sem unninn var fyrir Menntamálaráðuneytið 2004. Einnig kemur fram að samræmi milli skóla og kennara væri ábótavant; ekki væri fylgt eftir þeim viðmiðum sem voru sett fram í fylgigögnum LÆSI og þau ekki talin nægjanleg (Guðmundur Engilbertsson og Rósa Eggertsdóttir, 2004).

LÆSI var að vísu forprófað árið 1999. Í forprófuninni tóku þátt um 800 börn í 1. og 2. bekk í grunnskólum bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Áreiðanleikinn, *Cronbachs Alpha* stuðull sem metur innra samræmi eða hversu tengd prófatriðin eru hvorum öðrum, var svo reiknaður úr niðurstöðum forprófunar. Áreiðanleiki prófhlutana reyndist í öllum tilvikum hár, en áreiðanleikinn getur verið undir áhrifum fjölda atriða það er að segja því fleiri atriði því hærri Alpha. Út frá þessum niðurstöðum um áreiðanleika prófhlutana virðist vera að þýðendur hafi dregið þá ályktun að prófið greini vel á milli þeirra sem geta lesið sér til gagns og þeirra sem geta ekki (Guðmundur B. Kristmundsson og Þóra Kristinsdóttir, 2001). Áreiðanleikastuðullinn er að vísu ekki notaður til þess að skoða aðgreiningu heldur snýr að óvissu um mælingu, hærri áreiðanleika má túlka sem minni óvissu.

Vegna þess hve takmarkaðar upplýsingar er að finna um þýðingu, staðfærslu og flesta próffræðilega eiginleika LÆSI II er erfitt að segja til um hvort prófið sé raunverulega að standa sig eins og því er ætlað og hvort það hafi yfir höfuð eitthvert forspárgildi. Í raun

hefur alls ekki verið fylgt viðmiðum sem til dæmis Einar Guðmundsson (2006) leggur til um vinnslu og þýðingu erlendra prófa, sem skal að vísu engan undra þar sem sú grein kemur út eftir útgáfu LÆSI. En mikilvægt er að vita hvort prófið sé raunverulega að ná þeim sem eru með erfiðleika, það er næmni (e. *Sensitivity*) prófsins. Það er erfitt að segja til um nema með betri eftirfylgni og frekara mati á gæðum prófsins. Þá þarf einnig að skoða hversu sértækt (e. *Specificity*) prófið er, en sértækni vísar til þeirra sem ekki þurfa sérstaka aðstoð og mælast ekki í áhættu. Næmni og sértækni eru síðan háð hvoru öðru að því leytnu til að ef annað hækkar þá lækkar hitt á móti. Gott þykir ef næmni mælitækja sé um 80%, en þá eru þau að mæla réttilega 80% einstaklinga sem þurfa aðstoð (Einar Guðmundsson, 1999; Gredler, 1997).


### *Beint mat á gæðum LÆSI II*

LÆSI II er byggt upp af fimm atriðum. Þau eru að: Lesa setningar og velja viðeigandi mynd (23 atriði), hlusta og svara spurningum (2 atriði), velja orð út frá samhengi (6 atriði), lesa og svara spurningum (5 atriði) og lesa fyrirmæli og framkvæma (10 atriði) (Námshagstofnun, 2000b). Prófinu er ætlað að meta lesskilning nemenda í 2. bekk og er lagt fyrir að vori í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Gögnum hefur verið safnað í um 15 ár og hefur ekki verið marktækur munur á gengi nemenda síðan mælingar hófust. Tilgangur lestrarskimunarinnar er að fá heildarmynd af lestrargetu nemenda í Reykjavík við lok 2. bekkjar. Einnig leggur borgin til að niðurstöður séu nýttar af kennurum til þess að undirbúa næsta skólaár ásamt því að móta viðmið fyrir þá sem þurfa á einstaklingsmiðaðri nálgun að halda (Ásgeir Björgvinsson og Guðrún Edda Bentsdóttir, 2017).

Frá því að prófið var gefið út fyrst á Íslandi og þar til nú eru liðin um 20 ár, en frá uppruna þess eru 24 ár. Það þarf að hafa í huga að ýmislegt hefur breyst í umhverfi nemenda á þessum árum. Meðal annars breytingar á námskránni, en sú breyting ein og sér getur haft áhrif á næmni prófa sem hefur jafnvel verið vel staðið að próffræðilega (Catts, 2017). Með tilliti til norma þá þarf að endurskoða innihald prófa með reglulegu millibili. Því það sem þótti viðeigandi og partur jafnvel af almennum bakgrunns upplýsingum nemenda gæti verið algjörlega óviðeigandi í nútíma prófi.

Eins og sjá má eru teikningar í prófinu frekar úreltar og líkur á að barn í 2. bekk árið 2019 sé að skoða svona myndefni (stíll teikninga) í daglegu lífi eru heldur tæpar (sjá

mynd 1-4). Það þarf að gæta þess að allt innihald prófsins og form eigi erindi við nemendur og endurspegli íslensk norm sem best, óháð því (sem best hægt er) hvar börnin búa og við hvernig aðstæður (Einar Guðmundsson, 1999).



Mynd 1. Lesa setningar og velja viðeigandi mynd (Námsháskóla Íslands, 2000b).

Drengirnir grófu skurð þvert yfir (froskinn - húsið - flötina). Þeir fylltu skurðinn af (vatni - sandi - blómum) með garðslöngunni. Þegar þeir voru orðnir leiðir á því klifruðu þeir (niður - upp - inn) á þakið og reyndu að komast niður um strompinn. Hann var fullur af (sól - saft - sóti). Óskar sat fastur í strompinum í meira en hálfan (tíma - kassa - penna). Þeir klifruðu líka upp í plómutréð og Virgill litli braut (fót - grein - grís) og datt niður og fékk blóðnasir.

Mynd 2. Velja orð út frá samhengi (Námsháskóla Íslands, 2000b).



Að lokum kom pabbi Karls Emils heim. Hann varð blóðrauður í framan þegar hann datt í skurðinn og fékk drullu á ljósbláa frakkann sinn. Hann sagði að nú ætti Karl Emil að fara í rúmið.

1 Karl Emil varð að fara í rúmið af því að...	
hann var þreyttur .....	<input type="checkbox"/>
froskurinn var horfinn .....	<input type="checkbox"/>
pabbi hans sagði það .....	<input type="checkbox"/>
hann var með blóðnasir .....	<input type="checkbox"/>

Já, það er gott, sagði Virgill litli. Þá getum við séð náttfötin hans.

Nei, hrópaði mamma Karls Emils. Nei, hrópaði pabbi Karls Emils. Þið verðið að fara heim núna. Mamma Karls Emils er búin að fá höfuðverk. Það var leiðinlegt, sagði Óskar. En við getum staðið hérna úti í garðinum og séð þau ef hann fer upp í gluggakistuna.

Nei, æpti mamma Karls Emils.

2 Virgil litla langaði til að sjá...	
náttfötin hans Karls Emils .....	<input type="checkbox"/>
froskinn .....	<input type="checkbox"/>
herbergið hans Karls Emils .....	<input type="checkbox"/>
ljósbláa frakkann .....	<input type="checkbox"/>

### Mynd 3. Lesa og svara spurningum (Námsgagnastofnun, 2000b).

- 1 Dragðu strik frá skólanum að bankanum.
- 2 Settu hring utan um bankann.
- 3 Dragðu strik frá bankanum að kirkjunni.
- 4 Dragðu hring utan um kirkjuna.
- 5 Dragðu strik frá kirkjunni að pósthúsinu.
- 6 Settu hring utan um pósthúsið.
- 7 Dragðu strik frá pósthúsinu að skóginum.
- 8 Settu kross inn í miðjan skóginn.
- 9 Veldu annað af litlu húsunum. Þar átt þú heima.  
Dragðu strik frá skóginum og að húsinu þínu.
- 10 Dragðu strik frá húsinu þínu að skólanum.









### Mynd 4. Lesa fyrirmæli og framkvæma (Námsgagnastofnun, 2000b).

Mynd 3 sýnir hluta af þættinum; lesa og svara spurningum. Textinn er nokkuð snúinn og krefst þess að nemendur noti ályktunarfærni og bakgrunnsþekkingu sína til þess að svara. Svarið við spurningunni er alls ekki skýrt, jafnvel þeim sem eru langskólagengnir. Karl Emil gæti nefnilega einmitt átt að fara upp í rúm vegna þess að hann fékk blóðnasir eða vegna þess að hann var orðinn þreyttur. Réttu svarið er samt það að Karl Emil átti að fara að sofa vegna þess að pabbi hans sagði það. Ástæðan fyrir því að svarið liggur ekki skýrt fyrir er vegna viðtekna norma og bakgrunnsþekkingar sem samfélög búa yfir. Einhverjir nemendur eru sendir inn í rúm með þá skýringu „af því þú ert svo þreyttur“ og enn aðrir eru sendir í rúmið þegar þeim er refsað – jafnvel fyrir að fá blóðnasir. Vegna þess að rannsóknir hafa sýnt fram á að það er fylgni milli erfileika við að draga ályktanir og lestrarerfiðleika (Cain og Oakhill, 1999) þá er mikilvægt að tryggja það að prófið sé í takt við tíðaranda.

### *Uppfærslur Kartleggingsprøve*


Norska útgáfan, *Kartlegging av leseferdighet*, sem kom út árið 1995 hefur ekki verið í notkun í áratugi í Noregi. Norðmenn uppfæra prófin sín á 5 ára fresti og hefur því LÆSI verið uppfært í það minnsta 4x síðan þá og er núna þekkt sem *Kartleggingsprøve* (Kjersti Lundetræ, munnleg heimild, 6. nóvember 2019). Prófið er ætlað nemendum í 1. 2. og 3. bekk í norskum grunnskólum. Norðmenn taka prófagerðina mjög hátíðlega og huga að, líklega, öllu við samningu og stöðlun prófanna meðal annars hvort söguhetjur séu drengir eða stúlkur með tilliti til kyns og gengi próftaka (Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, munnleg heimild, 8. nóvember 2019).

Mynd 5 sýnir að hluta innihald prófsins sem er ætlað börnum í 2. bekk í Noregi. Umfjöllun mun einskorðast við þann hluta prófana hér eftir. Prófið er byggt á norskum normum og því ekki um að villast að það sem prófið inniheldur er partur af reynsluheimi norskra skólabarna, eins og norsk hátíðarklæði.

9		konge	kone	krok	krone
10		smake	lime	smile	sminke
11		radio	rope	rodeo	radar
12		sik	skli	skip	ski
13		slanke	slave	slange	slenge
14		vits	vest	best	verst

Mynd 5. Að lesa orð (Utdanningsdirektoratet, 2016).

Þá eru prófatriði norska prófsins skýrari bæði með tilliti til fyrirmæla og verkefnanna sjálfa. Gagnsemi kennara af prófinu er töluverð þar sem villur nemenda eru þægilegar til greininga. Það sem er helst ólíkt með LÆSI II og *Kortleggingsprøve* er að það síðar nefnda inniheldur ritun. Prófið er byggt upp á fimm atriðum; *að lesa orð*, *að skilja orð*, *að skrifa orð* og *að lesa er að skilja* í tveimur hlutum (Utdanningsdirektoratet, 2016). Á mynd 6 má sjá hvernig *að lesa er að skilja* fyrsti hluti er settur fram. Verkefnið er á heilli opnu (s.s. vantar aðra síðu) og minnir nokkuð á verkefni í LÆSI II á mynd 4 þar sem nemendur eiga að lesa og fylgja fyrirmælum. Það er kannski ekki þörf að benda á að ef þetta próf kæmi til þýðingar og staðfærslu þá yrði að hafa í huga að aðstæður tröllanna Ting og Tang á myndinni eru heldur norskar, má í því samhengi benda á að á hinni síðunni í verkefninu er mynd af elg.



Mynd 6. Að lesa er að skilja (Utdanningsdirektoratet, 2016).

## Lesmál bakgrunnur

Lesmál er próf sem kom út árið 2017 og metur lestur og réttitun hjá nemendum í 2. bekk íslenskra grunnskóla. Prófið var fyrst hannað af Rósu Eggertsdóttur árið 2006 og átti að styðja við lestrarkennslu aðferðina *Byrjendalæsi* og hét þá prófið *Byrjendalæsi III*. Sú útgáfa reyndist hins vegar ekki vera nægilega góð. Rósa fékk því Sigurgrím Skúlason, próffræðing, með sér í lið og saman unnu þau að endurgerðinni. Lesmál var gott betur en bara endurgert heldur fór það líka í gegnum ítarlegar forprófanir og að lokum stöðlun (Sigurgrímur Skúlason, 2017).

Markmiðið með Lesmáli er ekki einungis að meta nemendur heldur einnig að prófið sé þægilegt og aðgengilegt fyrir kennara. Prófið veitir kennurum góðar upplýsingar um nemendur sína og greinir þökkalega í hverju vandi nemenda liggur. Prófið metur fjóra þætti lesturs eins og umskráningu og lesskilning ásamt því að meta færni í réttitun og leshraða (lesfimi). Prófið skiptist í átta hluta sem meta:

### 1. Umskráningu

2. Lestur og lesskilning
3. Lestur og viðbragðssvörun
4. Lestur og lesskilning
5. Hraðlestur og lesskilning
6. Hlustun og réttitun
7. Hlustun og réttitun
8. Orðabil

Lestu textana og settu x við rétt svar.

6. Brynja var ánægð með það sem hún fékk í jólagjöf, sérstaklega harða pakkann frá afa og ömmu. Hvað kom í ljós þegar Brynja opnaði harða pakkann?
- trefill  
 buxur  
 fótbolti  
 sokkar
7. Sigga var að lesa skemmtilega bók um stelpu og stráka sem lentu í alls konar ævintýrum. Allt í einu sá hún nafnið sitt í bókinni. Hvaða nafn sá hún þar?
- Sólveig  
 Stína  
 Snæfríður  
 Sigga

Mynd 7. Lestur og lesskilningur (Menntamálastofnun, 2017)

Það að prófið sé stutt og fljótlegt gerir það mjög notendavænt og prófið tekur á ólíkum hliðum lestrar jafnframt því að vera stutt og einfalt í notkun. Vegna þess hversu víðtækt prófið er gefur það góða mynd af stöðu nemandans og auðveldar kennara að veita viðeigandi kennslu (Sigurgrímur Skúlason, 2017). Mynd 7 gefur smá hugmynd um uppsetningu og útlit prófþátta í Lesmáli.

### *Próffræðilegir eiginleikar Lesmáls*

Fylgigögn með Lesmáli eru meðal annars formáli og próffræðilegir eiginleikar þess. Þar kemur fram hvernig var staðið að gagnasöfnun, meðal annars á hverju Lesmál byggir og hvernig staðið var að forprófunum (Sigurgrímur Skúlason, 2017). Aðferðunum sem lýst eru við stöðlun og að meta próffræðilega eiginleika mælitækisins er algjörlega í takt við það sem sérfræðingar hafa lagt til (sjá t.d. Gerdler, 1997, Einar Guðmundsson, 1999; Sigurgrímur Skúlason, 2005; Einar Guðmundsson 2006). Stöðlunarúrtak Lesmáls voru 470 nemendur dreift skipulagt yfir landið miðað við hlutföll frá Hagstofu. Það að prófið sé staðlað fyrir íslenskt þýði gerir það að verkum að svör nemenda eða hvernig þeim

gengur á prófinu er ekki háð búsetu þeirra (Sigurgrímur Skúlason, 2017; Einar Guðmundsson, 2006).

Þá er áreiðanleiki Lesmáls, bæði áreiðanleiki innra samræmis og endurprófunar áreiðanleiki, eru slíkir að það telst réttmætt að nota Lesmál til leiðsagnar við kennslu nemenda (Sigurgrímur Skúlason, 2017).

## Umsögn

Ljóst er að LÆSI II er löngu úrelt próf. Umræður um gæði þess eru ekki nýjar undir sólinni. Kennarar vilja hætta að nota prófið og telja það ekki gagnast sér (Dröfn Rafnarsdóttir, munnleg heimild, 5. nóvember 2019). Guðmundur Björn Kristmundsson einn af þýðendum prófsins segir jafnframt að prófið sé í dag nýtt í allt öðrum tilgangi en því var ætlað í upphafi. Prófið hefði ekki átt að verða stöðumatstæki eða nýtt til þess að bera saman árganga og skóla (Guðmundur B. Kristmundsson, munnleg heimild, 28. nóvember 2019).

Eins og hefur komið fram er prófið fyrir margt löngu komin úr umferð í Noregi. Bara það eitt, hve gamalt prófið er, er forsenda fyrir endurmati á prófinu. Þá vegur þungt að prófið er ætlað börnum sem eru árinu eldri en íslensku börnin, prófið er ekki laust við norsk norm og stöðlun var aldrei gerð. Lagt er til að Reykjavíkurborg skoði það að taka upp Lesmál frekar til þess að fylgjast með þróun lesskilnings ef þörf þykir. Það er íslenskt próf sem hefur verið staðlað á íslenskum nemendum. Prófið veitir kennurum góðar upplýsingar um nemendur sem þeir geta svo hagnýtt við kennslu. Ekki er talið heppilegur kostur að leggjast í þýðingu á nýjasta norska *Kortleggingsprøve*. Þar sem það er bæði tímafrekt og kostnaðarsamt, ásamt því að prófið er að fara í endurnýjun í Noregi.

Fyrir hönd *Miðju máls og læsis*

Maren Ósk Elíasdóttir

## Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti /2011.

Ásgeir Björgvinsson og Guðrún Edda Bentsdóttir (2017). *Lesskimun 2017: Niðurstöður úr lesskimun í 2. bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2017*. Reykjavík: Höfundur.

Birna Sigurjónsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Ólafur Magnússon. (2002a). *Niðurstöður lesskímunar í 2. bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2002*. Reykjavík, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Birna Sigurjónsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Hallgerður Inga Gestsdóttir og Ólafur Magnússon. (2002b). *Niðurstöður lesskímunar í 3. bekk í grunnskólum Reykjavíkur haustið 2001*. Reykjavík, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Birna Sigurjónsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Ólafur Magnússon. (2003). *Niðurstöður lesskímunar í 2. bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2003*. Reykjavík, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Cain, K. og Oakhill, J. (1999). Inference making and its relation to comprehension failure. *Reading and Writing, 11*, 489–503.

Catts, H. W. (2017). Early identification of reading disabilities. Í K. Cain, D. L. Compton og R. K. Parrila (ritstjórar), *Theories of reading development* (bls. 311-331). Amsterdam/Philadelphia: John Benjamins Publishing Company.

Einar Guðmundsson (1999). *Skímun*. Reykjavík: Ritróð uppeldis og menntunar.

Einar Guðmundsson (2006). Þýðing og staðfærsla sálfræðilegra prófa. *Sálfræðiritið – Tímarit Sálfræðingafélags Íslands, 10-11*, 23-40.

Gredler, G. R. (1997). Issues in early childhood screening and assessment. *Psychology in the Schools, 34*, 99-106.

Guðmundur B. Kristmundsson og Þóra Kristinsdóttir, febrúar 2001. *Læsi, lestrarskímun. Tilurð – forprófun*. Skýrsla til menntamálaráðuneytis.

- Guðmundur Engilbertsson og Rósa Eggertsdóttir (2004). *Lesskimunarprófið Læsi. Skýrsla unnin fyrir Menntamálaráðuneytið*. Akureyri: Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri
- Menntamálastofnun (2017). *Lesmál: Mat á lestri og réttitun nemendahefti*. Reykjavík: Höfundur.
- Námshagnastofnun (2000a). *Læsi Hugmyndahefti*. Suðárkrókur: Námshagnastofnun.
- Námshagnastofnun (2000b). *Læsi Lestrarskimun í 2. bekk 2. Hefti*. Suðárkrókur: Námshagnastofnun.
- Námshagnastofnun (2000c). *Læsi Leiðbeiningar um fyrirlögn*. Suðárkrókur: Námshagnastofnun.
- Ritchey, K. D. og Speece, D. L. (2004). Early identification of reading disabilities: Current status and new directions. *Assessment for Effective Intervention*, 29(4), 13-24.
- Sigurgrímur Skúlason (2005). Hvernig mæla á hugsmíðar með erlendum mælitækjum: Þýðing og staðfærsla á spurningalistum og prófum. *Tímarit um menntarannsóknir*, 2, 69-81.
- Sigurgrímur Skúlason. (2017). *Lesmál: Mat á lestri og réttitun – Próffræðilegir eiginleikar*. Reykjavík: Menntamálastofnun.
- Utdanningsdirektoratet (2016). *Kartleggingsprove 2.trinn Lesing*. Oslo: Höfundur
- Walpole, S. og McKenna, M. C. (2007). *Differentiated reading instruction: Strategies that work*. New York: The Guilford Press.